

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 18. febrúar 2021
Mnr. 2021020097



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - sviðsstjóra

Ómar Guðmundsson sækir um f.h. Bæjartúns um stofnframlag frá Ísafjarðarbæ vegna fyrirhugaðra byggingaráforma. Fyrirtækið hefur í hyggju að byggja 10 íbúðir á Ísafirði og Flateyri.

Óskað er eftir 12% framlagi sveitafélags til móts við 18% frá HMS, vísað er til laga nr. 52/2016

Í kostnaðaráætlun verkefnis er áætlaður heildarbyggingarkostnaður 307.667.211 kr.- þar af er hlutur Ísafjarðarbæjar 36.920.065 kr.-, sem 12% styrkframlag

Áætlað er að kostnaður sveitafélagsins skiptist á eftirfarandi hátt, þ.e. að opinber gjöld vegna verkefnis séu 22,5 miljónir þ.e. byggingarleyfis og gatnagerðargjöld, beint framlag 14,4 m. sem greiðast við upphaf og lok verkefnis.

Skuldbinding sveitafélagsins er alltaf bundin við 12% framlag, komi til þess að umsókn verði samþykkt af hálfu bæjaryfirvalds. Sé hlutfall gatnagerðargjalda og byggingarleyfisgjalda ekki að ná 12% hlutfalli, er sveitafélagið skuldbundið til þess að greiða mismun þess sem upp á vantar.

Bæjarstjórn þarf að taka afstöðu til þess hvort Ísafjarðarbær ætli að veita stofnframlög og þá gera ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlunum. Einnig þyrfti sveitafélagið að móta reglur er varða úthlutanir á stofnframlögum sbr. t.d. [Reykjavíkurborg](https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=c3731144-4827-44a2-a7d1-7239559b483c)

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=c3731144-4827-44a2-a7d1-7239559b483c>

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016052.html>